

Ed.

311. Breytingartillögur

[11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Auði Auðuns.

1. Við 1. gr.
 - a. 27. töluliður orðist svo:
Mosfell í Grimsnesi: Mosfells-, Stóru-Borgar-, Búrfells-, Miðdals-, Úlfljóts-
vatns- og Þingvallasóknir.
Prestssetur: Mosfell.
 - b. Orðið „Þingvalla-“ í 36. tölulið falli burt.
2. Ný grein komi á eftir 5. gr. frv., og breytist raðtala greina skv. því:
Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar að
skipa prest, er sitji á Þingvöllum og þjóni Þingvallasókn, enda gegni hann þá
jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.